

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs

31. fundur

haldinn að Lyngási, 6. apríl 2010

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Björn Ármann Ólafsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Magnhildur Björnsdóttir. Þórhallur Þorsteinsson sat fundinn gegnum síma. Jafnframt Agnes Brá Birgisdóttir hjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

1. Almenn kynning á stöðu verkefnisins
2. Farið yfir erindi og bókanir sem hafa borist frá síðasta fundi
3. Farið yfir textann um veiðar
4. Farið yfir ákvæði um sexhjól
5. Farið yfir textann um skála
6. Farið yfir staðsetningu upplýsingatorga og –hliða
7. Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 20.10. Gengið var til dagskrár.

1. Almenn kynninga á stöðu verkefnisins

Formaður þakkaði svæðisráðsmönnum og starfsmönnum fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt á sig í vinnu við verndar- og stjórnunaráætlun. Stjórn hjóðgarðsins ætlar að afgreiða áætlunina til auglýsingar á næstu dögum og fer hún þá í sex vikna auglýsingaferli. Stjórn hjóðgarðsins er bundin af því að svara öllum athugasemdum sem koma með rökum.

2. Farið yfir erindi og bókanir sem hafa borist frá síðasta fundi

Eftirfarandi erindi og bókanir voru ræddar:

- a. *Erindi frá Einari Kr. Haraldssyni, dags. 9. apríl.*
- b. *Erindi frá Skotvís, dags. 9. apríl, undirritað af Elvari Árna Lund.*
- c. *Erindi frá Eiríki Jónssyni, dags. 12. apríl.*
- d. *Bókun frá umhverfis- og héraðsnefnd Fljótsdalshéraðs, dags. 14. apríl.*

Hvað varðar ofangreind erindi og bókanir vísar svæðisráð til bókunar sinnar á 30. fundi og breytingum á drögum að verndaráætlun sem þá voru samþykktar varðandi veiðar og aðra nýtingu á Snæfellsöræfum.

- e. *Bókun frá bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, dags. 5. maí*

Svæðisráð vísar bókun bæjarstjórnar til stjórnar hjóðgarðsins.

3. Farið yfir textann um veiðar

Farið var yfir síðustu gerð af texta um veiðar í verndar- og stjórnunaráætlun. Svæðisráð samþykkir textann eins og hann stendur nú.

4. Farið yfir ákvæði um sexhjól

Formaður greindi frá því að álit lögfræðinga væri að ákvæði um sexhjól stæðust ekki inni í áætlun þar sem þau stönguðust á við reglugerð um breytingu á reglugerð, nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands frá 21. maí 2007. Svæðisráðs fellst á það en vísar því til stjórnar Vatnajökulþjóðgarðs að leggja til við umhverfisráðherra að þeirri reglugerð verði breytt í þá veru að hún nái ekki til umferðar innan friðlýstra svæða og þjóðgarða.

5. Farið yfir textann um skála

Svæðisráð telur brýnt að bæta við í almennan texta um byggingar innan þjóðgarðsins að tekið verði tillit til landslags og húsa sem fyrir eru á hverjum stað fyrir sig.

Bætt inn markmiði um Geldingafell og settur inn kafli um nýtt þjónustusvæði við jökul inn við Háöldu. Einnig sett inn um bætt aðgengi fatlaðra að Snæfellsskála og að upplýsingastöð sé á Aðalbóli í samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Formaður kemur breytingum á framfæri við Alta.

6. Farið yfir staðsetningu upplýsingatorga og -hliða

Inn í drögin að stjórnunar- og verndaráætlun vantar upplýsingar um torg og hlið. Láðst hefur að taka þær upp úr grunnáætlun fyrir austursvæðið en þessar upplýsingar er að finna í töflu 11 á bls. 91 og töflu 12 á bls. 97 og á mynd 19 á bls. 98 í lokagerð hennar, dags. 9. mars.

7. Önnur mál

- a) Umræður urðu um skipulagsmál, m.a. um hvort gildandi skipulag ætti að taka tillit til áætlunarinnar. Einnig rætt um hver ætti að bera kostnað af gerð deiliskipulags á þjónustusvæðum þar sem framkvæmdir verði ekki heimilaðar án þess að slíkt skipulag liggi fyrir. Í drögum að stjórnunar- og verndaráætlun segir að stjórn Vatnajökulþjóðgarðs vinni deiliskipulagstillögur fyrir þjónustusvæði innan garðsins. Svæðisráð beinir því til stjórnar þjóðgarðsins að farið verði að huga að forgangsröðun í deiliskipulagsgerð.
- b) Magnhildur benti á að í kafla 3.4 um svæðisráð og þjóðgarðsverði er texti um svæðisráð ekki í fullu samræmi við lög og reglugerð um þjóðgarðinn, t.d. hvað varðar ráðningu þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 21.25.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson